



Starfsárið 2009 - 2010

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi 11. mars 2010



## Nýir félagsmenn

Á starfsárinu hafa eftirtalin fyrirtæki gerst aðilar að SVP:

Barnaheimilið Ós

Bókhald og þjónusta ehf.

Creditinfo á Íslandi

Endurhæfing-þekkingarsetur ehf.

Geysirshops ehf.

Helga Leifsdóttir hdl. ehf.

HH Ráðgjöf ehf.

Hjartamiðstöðin ehf.

Innes ehf.

Í réttum ramma ehf.

Íþróttalækningar ehf.

Kokka ehf.

Landfestar ehf.

Lifandi ráðgjöf ehf.

Petersen ehf.

Pure Health

Stoðkerfi ehf.

Tblshop ehf.

Tölvuverk Bókhaldsþjónusta slf.

Verslun Guðrúnar Jóhannsdóttur ehf.

Verslunin Borg

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

# Stjórn og trúnaðarmenn

## Stjórn SVP

Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Pfaff hf.  
Ásbjörn Gíslason, Pfaff hf.  
Björn Ágúst Ágústsson, Meba ehf.  
Finnur Arnason, Hagar hf.  
Guðmundur Halldór Jónsson, Norvik  
Sigríður Margrét Oddsdóttir, Skjá miðlar

## Starfsmenn

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri  
Guðbjörg S. Jónsdóttir, skrifstofustjóri  
Ólafur Reynir Guðmundsson, lögfræðingur  
Signý Sigurðardóttir, forstöðumaður flutningasviðs

## Fagráð um fræðslu verslunar- og þjónustugreina

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

## Landflutningaráð

Signý Sigurðardóttir, SVP

## Lyfjagreiðslunefnd

Þorvaldur Arnason, Lyfjaval ehf.

## Menntanefnd SA

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

## Nefnd um heildarendurskoðun siglingarlaga

Lilja Jónasdóttir, LEX lögmannsstofu

## Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð

Andrés Magnússon, SVP

## Siglingaráð

Aðalfulltrúi:  
Signý Sigurðardóttir, SVP  
Varafultrúi:  
Eyþór H. Ólafsson, Eimskip hf.

## Siglingaverndarráð

Signý Sigurðardóttir, SVP

## Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Aðalfulltrúi:  
Signý Sigurðardóttir, SVP  
Varafultrúi:  
Auður Þórhallsdóttir, Samskip hf.

## Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Aðalfulltrúar:  
Guðríður Sigurðardóttir, Penninn  
Hulda Björk Halldórsdóttir, N1  
Ólafía B. Rafnsdóttir, 365 miðlar ehf.  
Varafultrúar:  
Elín Hlíf Helgadóttir, Húsasmiðjan  
Helga Þóra Árnadóttir, NTC  
Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir, Olíuverzlun Íslands

## Framkvæmdahópur um lyfjastefnu

Aðalfulltrúi:  
Þórbergur Egilsson, Lyfja ehf  
Varafultrúi:  
Sigurbjörn Gunnarsson, Lyfja ehf.

## Starfshópur vegna heildarendurskoðunar umferðalaga

Signý Sigurðardóttir, SVP

## Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

## Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfulltrúar:  
Andrés Magnússon, SVP  
Svanur Valgeirsson, Hagar  
Varafultrúi:  
Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

## Stjórn EuroCommerce

Andrés Magnússon, SVP

## Stjórn GS1

Bergur Bergsson, Aðföng

## Stjórn Rannsóknarseturs verslunarinnar

Andrés Magnússon, SVP

## Stjórn SA

Finnur Arnason, Hagar hf.  
Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.  
Sigríður Margrét Oddsdóttir, Skjár einn hf.

## Framkvæmdastjórn SA

Finnur Arnason, Hagar hf.  
Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.

## Stjórn Háskólans á Bifröst

Aðalfulltrúi:  
Finnur Arnason, Hagar  
Varafultrúi:  
Ásbjörn Gíslason, Samskip hf.

## Stjórn Útflutningsráðs Íslands

Heiðrún Jónsdóttir, Eimskipafélag Íslands hf.

## Stjórn Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands

Bogi Örn Emilsson, Skjal ehf.

## Stýrinefnd raf- og raftækjaúrgangs

Sigurður Örn Guðleifsson

## Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Ólafur Jónsson, Skeljungu hf.

## Umhverfismerkisráð Íslands

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

## Úrvinnslusjóður

Sigurður Örn Guðleifsson

## Skýrsla stjórnar

Stjórn samtakanna var þannig skipuð á starfsárinu: Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Ásbjörn Gíslason, Finnur Árnason, Björn Ágúst Ágústsson, Sigríður Margrét Oddsdóttir og Guðmundur Halldór Jónsson. Gunnar Karl Guðmundsson, varaformaður hvarf fljótlega úr stjórninni á starfsárinu þar sem hann skipti um starfsvettvang.

Stjórn SVP hélt alls 10 fundi á starfsárinu og verður fjallað hér á eftir um þau mál sem helst bar á góma hjá stjórninni.

### Kjaramál – Stöðugleikasáttmáli

Í aðdraganda kjaraviðræðna vorið 2009 sendi stjórn SVP erindi til SA þar sem því var lýst að fyrirtæki innan SVP hefðu ekki bolmagn til að taka á sig frekari launahækkanir. Vísað var til þess í bréfi SVP að mörg aðildarfyrirtækja samtakanna hefðu þurft að taka á sig þyngri byrðar en fyrirtæki í ýmsum öðrum atvinnugreinum. Bréfi þessu var síðan fylgt eftir af fulltrúum SVP í framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, en SVP á tvo fulltrúa í framkvæmdastjórninni.

Undirbúningur að gerð Stöðugleikasáttmálans í júní 2009 hvíldi mjög á framkvæmdastjórn SA. Sáttmálinn sem er á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda kveður á um stöðugleika á vinnumarkaði gegn því að stjórnvöld tryggi að forsendur skapist fyrir endurreisn atvinnulífsins. Þá er í sáttmálanum fjallað um hvernig standa skuli að því að rétta af halla ríkissjóðs, meðal annars hversu stór hluti hallans skuli leiðréttur með aukinni skattheimtu. Þegar fjárlagafrumvarpið kom fram var ljóst að það var ekki í samræmi við ákvæði stöðugleikasáttmálans að mati atvinnulífsins. Allt of langt var gengið í skattheimtu og of skammt í niðurskurði í rekstri hins opinbera. Illa gekk að koma tillögum atvinnulífsins á framfæri við stjórnvöld en engu að síður var horfið frá því að segja stöðugleikasáttmálanum upp. Talið var mikilvægara að halda friði á vinnumarkaði og reyna til þrautar að berjast fyrir því sem sáttmálinn kveður á um og lýtur að uppbyggingu atvinnulífsins. Þar vegur þyngst að koma boðuðum framkvæmdum í gang, sem er lykillinn að því að hjól atvinnulífsins komist á hreyfingu. Því miður hefur nær ekkert miðað í því að koma framkvæmdum í gang. Þetta er augljósast í tengslum við orkunýtingu og virðist sem stjórnvöld leggi ávallt nýjan stein í götu slíkra framkvæmda þegar einni hindruninni hefur verið rutt úr vegi.

Stjórn SVP hefur lýst því yfir að frekari skattahækkanir á einstaklinga og atvinnurekstur komi ekki til greina. Þar verði að draga mjög ákveðna varnarlínu. Viðsnúningi á rekstri ríkissjóðs verði að ná með niðurskurði og tilfærslum í opinberum rekstri.

### Gengismál

Hin veika staða krónunnar og afleiðingar hennar á verðlag og kaupgetu almennings í landinu var oft til umræðu innan stjórnar. Velt var upp margs konar hugmyndum um hvaða leiðir væru færar til að ná ásættanlegu jafnvægisgengi fyrir gjaldmiðilinn. Einn möguleikinn sem var ræddur var að gera samning við Evrópska seðlabankann um stuðning við krónuna. Slíkur samningur er talinn mögulegur á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Virtir hagfærðingar á borð við Ólaf Ísleifsson mættu á fund stjórnar til að fara yfir þá möguleika sem til staðar væru. Niðurstaðan var ávallt sú sama að krónan sem gjaldmiðill væri í raun ónýtt og því fyrr sem fundinn yrði framtíðarlausn á gjaldmiðlamáli þjóðarinnar því betra.

## Skattamál

Hinar viðamiklu skattkerfisbreytingar stjórnvalda sem kynntar voru í tengslum við fjárlagaundirbúninginn voru mjög andsnúnar atvinnulífinu að ýmsu leyti. SVÞ sem og önnur samtök atvinnurekenda gagnrýndu margt í skattatillögum stjórnvalda, en einkum þó þau áform að taka upp nýtt 14% virðisaukaskattsþrep, þar sem falla áttu undir meðal annars drykkjarvörur (aðrar en mjólkurvörur). SVÞ fylgdi SA að málum en lagði í sérstaka báráttu gegn þessu nýja skattþrepi, sem skilaði árangri og var horfið frá þessum áformum. Þess í stað var efra þrep virðisaukaskattsins hækkað í 25,5%. Gagnrýni á þessa skattkerfisbreytingu byggðist á því að með þessu væri verið að flækja skattkerfið. Einnig var á það bent að margir þeir vöruflokkar sem fallið hefðu undir 14% skattþrepið fengu á sig vörugjöld í þeim skattahækkunum sem stjórnvöld innleiddu um mitt ár 2009.

6

## Evrópumál

Samkvæmt skoðanakönnun sem Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir í árslok 2008 um viðhorf atvinnurekenda til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu, voru 80% félagsmanna SVÞ fylgjandi því að látið yrði á það reyna í aðildarviðræðum hvort ásættanlegir samningar næðust. Nokkur umræða varð í stjórn SVÞ um þá stöðu sem uppi er þegar Samtök atvinnulífsins geta ekki beitt sér sem skyldi í þessu mikilvæga hagsmunamáli, þar sem samtök útvegsmanna leggjast alfarið gegn því. Kvartaði SVÞ undan því í framkvæmdastjórn og stjórn SA að mjög bagalegt væri að SA væru hálflomuð í þessu stóra hagsmunamáli viðskiptalífsins og stæði á hliðarlínunni í umræðunni. Alþingi samþykkti síðan sem kunnugt er í júlí að sækja um aðild að Evrópusambandinu og breyttist staða SA nokkuð við það þar sem þetta mál komst í ákveðið ferli með aðildarumsókn. Settar hafa verið á laggirnar nefndir innan SA sem SVÞ á aðild að, sem gæta eiga hagsmuna einstakra atvinnugreina eða hópa í aðildarviðræðunum. Skrifstofa Samtaka atvinnulífsins hefur umsjón með því nefndastarfi og er tengiliðurinn við stjórnvöld.

## Samstarf við banka

Í kjölfar mikillar gagnrýni sem fram kom á vinnubrögð bankanna við yfirtöku fyrirtækja og afskriftir skulda voru á vettvangi Samtaka atvinnulífsins teknir upp reglulegir fundir með lykilstarfsmönnum fyrirtækjasviða stærstu viðskiptabankanna þriggja. Tilgangur þessara funda var að skiptast á upplýsingum og ekki síður að ganga eftir því við bankana að viðhöfð væru fagleg vinnubrögð við yfirtöku og ráðstöfun fyrirtækja þar sem gagnsæi og samkeppnislög væru virt. Hafa þessir fundir verið haldnir með reglulegu millibili nú í nær ár. Fullyrða má að þessi tíðu samskipti milli fulltrúa bankanna og fulltrúa atvinnulífsins hafi verið mjög af hinu góða og leitt af sér aukinn skilning milli aðila. Að auki hafa fulltrúar SVÞ átt fundi – formlega og óformlega með fulltrúum bankanna þar sem sérstaklega hefur verið fjallað um skuldavanda fyrirtækja og hafa sumir bankanna leitað eftir sjónarmiðum samtakanna um lausnir á þeim gríðarlega vanda sem blasir við í þessum málum.

## Lífeyrissjóðir – aðkoma að endurreisn atvinnulífsins

Aðkoma lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins var til umræðu á vettvangi stjórnar SVÞ. Í því sambandi var lögð áhersla á að við mat fjárfestinga lífeyrissjóðanna í einstökum fyrirtækjum yrði að vera tryggt að eingöngu væri fjárfest í arðbærum verkefnum og að fagleg sjónarmið yrðu ætíð höfð að leiðarljósi. Markmið lífeyrissjóðanna á að vera á hagsmunum sjóðsfélaga og að tryggja

hámarkávöxtun. Uppi voru miklar efasemdir um að lífeyrissjóðir hefðu meðal annars aðkomu að byggingu nýs Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

## Rannsóknarsetur verslunarinnar

Rannsóknarsetur verslunarinnar hefur verið starfandi síðan árið 2006 en það var sett á laggirnar sem tilraunaverkefni. Að verkefninu standa Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Háskólinn á Bifröst, SVP, Bílgreinasambandið og þrjú stærstu fyrirtæki á smásölumarkaði. Sá samningur sem lagði grunn að þessu verkefni rennur út í júlí næst komandi. Allir sem að verkefninu koma eru á einu máli um að það hafi sannað gildi sitt og mikilvægt sé að því verði haldið áfram þó það yrði hugsanlega með breyttu sniði. Unnið er að því á vegum SVP og fleiri aðila að tryggja framtíð rannsóknarsetursins. Er þess vænst að þeirri vinnu verði lokið bráðlega.

## Kaupmannasamtök Íslands

Fulltrúar SVP hafa átt fundi með stjórnarmönnum í Kaupmannasamtökum Íslands til að ræða möguleika á nánara samstarfi. Hafa þessir fundir verið til þess fallnir að styrkja tengsl milli félaganna sem mun vonandi leiða til frekari aðkomu Kaupmannsamtakanna að ýmsum verkefnum á vegum SVP.

## Opnunartími verslana

Í því skyni að leita leiða til að lækka kostnað í verslun var samþykkt í stjórn að senda Samkeppniseftirliti erindi þar sem þess var farið á leit að samtökin fengju að hafa forgöngu um styttingu á opnunartíma verslana. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga við tiltekna aðstæður, en tilgangurinn með þessari beiðni var að leita leiða til að draga úr rekstrarkostnaði verslana. Samkeppniseftirlitið tók sér góðan tíma til að svara erindinu, en því var að lokum hafnað með þeim rökum að slík undanþága frá ákvæðum samkeppnislaga hefði óheillavænleg áhrif á samkeppni milli verslana.

## Fjölgun félagsmanna SVP

Sú ánægjulega þróun hefur orðið að undanfögnu að félagsmönnum SVP hefur fjölgað verulega. Þessi þróun sést best á nýjustu mælingu á hlutfallslegu vægi einstakra aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins innan þeirra samtaka. Vægi aðildarfélaga SVP innan SA er nú nær 25% sem hefur það í för með sér að fulltrúum SVP í stjórn SA mun fjölga úr 4 í 5. Þá mun fulltúum SVP í framkvæmdastórn SA fjölga úr 22 í 25. Þessar breytingar munu koma til framkvæmda eftir aðalfund SA sem haldinn verður í apríl n.k.

## Vikulegt fréttabréf

Frá og með aðalfundi SVP 2009 hefur félagsmönnum verið sent rafrænt fréttabréf hvern föstudag. Þar hefur félagsmönnum verið greint frá því sem hæst hefur borið í þeirri viku í félagsstarfinu, jafnframt því sem sem sagðar eru fréttir sem taldar eru eiga erindi til félagsmanna. Hafa félagsmenn almennt tekið þessari nýjung fagnandi.

## Starf faghópa

Faghópar innan SVÞ sinna hagsmunum ólíkra hópa innan samtakanna og er á þeim vettvangi fjallað um hagsmunamál hvers hóps.

### Lyfsalahópur

Lyfsalahópur SVÞ hélt fjölmarga fundi á starfsárinu. Helstu verkefni sem hópurinn tók til umfjöllunar á starfsárinu voru:

#### *Lyfjagreiðslunefnd*

Margir fundir voru haldnir með nefndinni í því skyni að tryggja að þeir samningar sem gilt hafa um vísitölubundnar breytingar á smásöluverði lyfja yrðu haldnir. Eftir allmarga gagnslausa fundi með lyfjagreiðslunefnd var ljóst að hún ætlaði ekki að virða það samkomulag sem í gildi var milli aðila. Var reynt til þrautar að fá nefndina til að virða gerða samninga en án árgangurs. Lyfsalar komust því ekki hjá því að taka á sig verulega skerðingu í framlegð.

#### *Rafrænir lyfseðlar*

Unnið var að innleiðingu rafrænna lyfseðla í samstarfi við Sjúkratryggingastofnun Íslands. Er hér um þarft verkefni að ræða sem leiða mun af sér mikið hagræði og sparnað bæði fyrir lyfsala og hið opinbera. Stefnt er að því að innleiðing rafrænna lyfseðla verði að veruleika fyrri hluta árs 2010.

#### *Breytingar á greiðsluþáttöku í lyfjum*

Verulegar breytingar urðu á greiðsluþáttöku hins opinbera í lyfjakostnaði á árinu. Gagnrýnt var hversu skammur aðdragandi var að þessum breytingum þannig að ekki gæfist nægjanlegur tími til aðlögunar. Heilbrigðisráðuneytið tók ábendingar samtakanna í þessu sambandi til greina að nokkru leyti.

#### *Stjórnsýsluúttekt á Lyfjastofnun*

Erindi barst frá Ríkisendurskoðun um fyrirhugaða stjórnsýsluúttekt á Lyfjastofnun. Var stofnuninni send ítarleg greinargerð um það sem talið er mega betur fara í starfsemi stofnunarinnar. Einnig áttu fulltrúar lyfsalahópsins fund með Ríkisendurskoðun til að gera nánar grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ekki kom til stjórnsýsluúttektar á Lyfjastofnun að þessu sinni en þess er vænst að þær ábendingar sem fram voru settar leiði til bætts verklags hjá stofnuninni.

### Hópur váttryggingamiðlara

Váttryggingamiðlarar sem starfa á íslenskum markaði gengu til liðs við samtökin á starfsárinu. Helstu verkefni sem hópurinn fjallaði um voru:

#### *Framtíð greinarinnar og aukin fjölbreytni á váttryggingamarkaði*

Hópurinn kannaði möguleika á að hefja miðlun váttrygginga fyrir fleiri erlend váttryggingafélög. Var meðal annars haldinn fundur með sendiherra Kanada á Íslandi í því skyni að kanna möguleika á að laða kanadísk félög að íslenskum váttryggingamarkaði.

#### *Fjármálaeftirlitið*

Samskipti váttryggingamiðlara við Fjármálaeftirlitið voru nokkuð rædd. Er ekki laust við að fyrirtækjunum þyki gæta nokkurrar stífní hjá eftirlitinu um einstök málefni sem snúa að starfsemi váttryggingamiðlara.



### **Skattskylda sjúkdómatrygginga**

Fjallað var um skattskyldu sjúkdómatrygginga í tilefni af úrskurði Yfirskattanefndar sem kvað á um að bætur sjúkdómatryggingar skyldu vera tekjuskattsskyldar. Lýstu menn áhyggjum sínum af áhrifum þessa úrskurðar á hagsmuni bótaþega. Málinu hefur verið skotið til dómstóla og jafnframt er unnið að nauðsynlegri lagabreytingu til að taka af allan vafa um að bætur þessar skuli undanþegnar tekjuskatti.

### **Samtök sjálfstæðra skóla**

SVÞ hefur innan sinna vébanda rúmlega 50 sjálfstætt starfandi skóla á leik- og grunnskólastigi. Hafa þessir skólar með sér sérstök samtök sem bera heitið Samtök sjálfstæðra skóla.

Áherslumál skólanna hafa verið að ganga frá þjónustusamningum við sveitarfélögin þar sem sjálfstæðir skólar eru starfandi. Þar er samningur við Reyjavíkurborg mikilvægastur enda taka samningar við önnur sveitarfélög gjarnan mið af samningum við höfuðborgina. Gengið hefur hægar en vonast var til að ljúka samningunum og má rekja þann drátt sem orðið hefur til verri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Það sem einnig hefur orsakað drátt á frágangi þessara mála er svo kallað faghlutfall. Þar er um að ræða hvaða menntun starfsfólks leikskóla, annarra en leikskólakennara, geti talist fullnægjandi til að mega starfa sem fagaðili í leikskóla.

Samtök sjálfstæðra skóla tóku upp samstarf við Opna háskólann um námskeiðahald. Reynslan af því samstarfi hefur verið allgóð. Þá stóðu samtökin fyrir ráðstefnu sem bar yfirskriftina “Jákvæðni er óborganlegt veganesti” þar sem áhersla var lögð á mikilvægi þess að nálgast hlutina með jákvæðu hugarfari, ekki síst á þeim tímum sem við nú lifum.

Menntamálaráðherra kom á fund hjá Samtökum sjálfstæðra skóla. Lét ráðherra í ljósi ánægju með starfsemi sjálfstæðra skóla og sagði þá gegna veigamiklu hlutverki í skólakerfinu. Greindi ráðherra meðal annars frá því að unnið væri að smíði reglugerðar um sjálfstæða skóla sem samtökin fengu síðan til umsagnar.

### **Samtök heilbrigðisfyrirtækja**

SVÞ hefur meðal sinna félagsmanna um 25 sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtæki. Hefur þessi hópur með sér sérstök samtök sem bera heitið Samtök heilbrigðisfyrirtækja.

Höfuð áherslumál þessa hóps hefur verið að tryggja stöðu sjálfstætt starfandi lækna og annarra aðila gagnvart ríkisvaldinu, þar sem starfsemi þeirra byggist á sérstökum þjónustusamningum við ríkisvaldið. Í því skyni að kynna starfsemi þessara fyrirtækja sem best fyrir stjórnvöldum voru báðir heilbrigðisráðherrarnir sem voru í starfi á árinu heimsóttir með það að markmiði að benda þeim á mikilvægi þess að starfsemi sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækja væri tryggð.

Fjárlögin leiddu mikinn ugg að mönnum í þessari grein þar sem niðurskurður á framlögum til starfsemi sjálfstætt starfandi lækna var langt umfram það sem gildi um aðra liði í heilbrigðikerfinu. Er því mikil óvissa ríkjandi meðal sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækja. Viðhorf stjórnvalda gagnvart einkarekstri í heilbrigðiskerfinu virðist mjög neikvætt um þessar mundir og er því mikilvægt að standa vörð um hið mikilvæga hlutverk sem slíkur rekstur hefur að gegna í heilbrigðiskerfinu, enda hefur verið sýnt fram á það að hann er mjög hagfelldur fyrir þjóðarbúið.

## Öryggishópur SVP

Brotastarfsemi útlendinga hér á landi veldur versluninni á Íslandi sífelld meira tjóni, enda ber þessi starfsemi orðið öll merki um að um skipulagða brotastarfsemi sé að ræða. Talið er að tjón verslunarinnar af völdum þjófnaða sé á bilinu 6 til 8 milljarðar á ári og að um 80% af þeim verðmætum sem fer forgörðum með þessum hætti sé af völdum útlendinga.

Athygli stjórnvalda var ítrekað vakin á þeim mikla vanda sem í þessu felst. Fóru fulltrúar stærstu verslananna í landinu meðal annars á fund dómsmálaráðherra til þess að gera ráðherra grein fyrir vandanum. Voru ráðherranum sýndar upptökur úr verslunum þar sem brotamenn athafna sig.

Settur var á laggirnar starfshópur til þess að koma með tillögur um hvernig stemma mætti stigu við þessari starfsemi og skilaði hann af sér viðamikilli skýrslu í janúar síðast liðnum. Miklu skiptir að sem mestu af því sem starfshópurinn leggur til verði hrint í framkvæmd þar sem með því eru allar líkur á að hefta megi mjög skipulagða brotastarfsemi af þessu tagi sem því miður virðist hafa fest rætur á Íslandi.

## Fræðslunefnd

Fræðslumál eru mikilvægt hagsmunamál fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki og er starfsmenntun þjónustugreina eitt af þeim verkefnum sem samtökin hafa lagt áherslu á og átt þátt í að koma á starfstengdu námi á verslunar- og skrifstofubrautum að loknu grunnskólanámi í tveimur framhaldsskólum. Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinarflokka. Eitt af verkefnum starfsgreinaráða er að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautalýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Nýverið voru skipaðir þrír aðalmenn og þrír til vara á vegum samtakanna í starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina.

Að venju voru á árinu haldnir fræðslu- og kynningarfundir um málefni líðandi stundar og þar þar hæst fundi er snertu efnahagsmál og endurreisn atvinnulífsins.

## Lögfræðimál

### Umsagnir um lagafrumvörp

Ár hvert veitir SVÞ fjölmargar umsagnir um frumvörp er varða hagsmuni verslunar- og þjónustufyrirtækja. Ýmiss frumvörp tóku gildi á árinu 2009 sem breyttu verulega starfsumhverfi fyrirtækja t.d. ný skattalög, ný matvælalög og lög sem varða með beinum hætti rekstrarumgjörð fyrirtækja svo sem lög um hlutafélög.

SVÞ gerði alvarlegar athugasemdir við breytingar á skattalöggjöf fyrirtækja og einstaklinga og taldi meðal annars afar óráðlegt að hækka skattaálgögur. Þá var harðlega gagnrýnt hvernig skattalöggjöf var gerð flóknari án viðhlítandi rökstuðnings.

SVÞ mun halda áfram að berjast fyrir bættu rekstrarumhverfi fyrirtækja og stuðla að einfaldari reglum sem leiða til meiri framleiðni fyrirtækja og minni kostnaðar fyrir ríkið.

11

### Heilbrigði dýraafurða

Úrskurðarnefnd upplýsingamála kvað upp þann 22. desember 2009 stefnumarkandi úrskurð í máli Samtaka verslunar og þjónustu – SVÞ gegn Matvælastofnun. Mál þetta snérist um aðgang að upplýsingum um gæði dýraafurða svínaræktenda um land allt.

Umræddur úrskurður gerbreytir réttarstöðu smásala, sem nú hafa skýran rétt til að fá upplýsingar frá Matvælastofnun um heilbrigði framleiðslu svínaræktenda. Smásalar geta því nú verslað við þau svínabú landsins sem uppfylla hæstu gæðaviðmið og hafa eins hreina framleiðslusögu og unnt er að krefjast. Augljóst er að þetta er mikið hagsmunamál fyrir neytendur á Íslandi.

### Lyfjamál

SVÞ hefur allt árið 2009 aðstoðað lyfjafyrirtæki í samskiptum sínum við Lyfjastofnun. Mál þessi hafa varðað lyfjaauglýsingar, opinbert eftirlit, kynningar á lyfjum sem og umhverfi smásala.

### Sjálfstætt starfandi skólar

Skólar í Samtökum sjálfstætt starfandi skóla var veitt ýmis konar aðstoð á árinu. Veitt var ráðgjöf vegna þjónustusamninga, samskipta einkarekinna leikskóla við Reykjavíkurborg og málefni tengd rekstrarumhverfi skólanna.

### Opinber innkaup

SVÞ ákvað að leggja mikla áherslu á að vinna með hagsmunaaðilum að bættu ferli opinberra innkaupa heilbrigðisstofnana. Í þessu skyni hafa samtökin fundað með fulltrúum ýmissa innflytjenda heilbrigðisvara til að samræma afstöðu til þess hvernig bæta megi gæði og hagkvæmni opinberra innkaupa. Í desember 2009 var ennfremur lögð fram kæra til Kæruneftndar útboðsmála varðandi útboð Ríkiskaupa fyrir vörur heilbrigðisstofnana. Mikill tími fer til spillis þegar kæra þarf útboð opinberra stofnana og allra hagar að bæta ferli opinberra innkaupa. Því mun SVÞ halda áfram að vinna með félagsmönnum sem og hinu opinbera til að auka skilvirkni, gæði og hagkvæmni opinberra innkaupa. Stefnt er að viðræðum við hið opinbera um bætt ferli innkaupa á árinu 2010.

## **Rekstrarráðgjöf**

SVP hóf að veita rekstrarráðgjöf til félagsmanna síðla árs 2009. Í kjölfar afar krefjandi rekstrarskilyrða hafa mörg verslunar- og þjónustufyrirtæki orðið að endurskoða rekstur sinn. Við endurskipulagningu fyrirtækja er brýnt að fá ráð þriðja aðila sem getur gefið nýja sýn á leiðir til úrbóta. Hefur þessari nýjung verið vel tekið af félagsmönnum.

## **Úrvinnslusjóður**

Tejgur Úrvinnslusjóðs hafa fallið á síðasta ári og kostnaður jafnframt vaxið. Hefur orðið að bregðast við því með hækkun gjaldstofna á þessu ári, en leitast var við að halda þeim hækkunum í lágmarki.

12

## **Stýrinefnd um raf- og rafeindatækjaúrgang**

Unnið hefur verið að því að koma söfnun skilakerfa á raf- og rafeindatækjaúrgangi í það horf sem mælt er fyrir um í lögum meðhöndlun úrgangs. Í dag eru tvö skilakerfi rekin og mikið starf hefur verið unnið í þeim tilgangi að móta leikreglur á þessu sviði.

## **Samkeppnisstaða fyrirtækja**

Á árinu 2009 hafa stóru viðskiptabankarnir þrír tekið yfir fjölda fyrirtækja sem ekki hafa getað staðið við skuldbindingar sínar. Þetta hefur leitt til þess að völd bankanna í hinu íslenska viðskiptalífi hafa aukist gríðarlega. Af þessum sökum hefur Samkeppniseftirlitið í samvinnu við hagsmunasamtök svo sem SVP og SA gefið út leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að stefnumörkun við endurskipulagningu fyrirtækja. Leiðbeiningar þessar varða til að mynda lækun skulda, endurskipulagningu og eignarhald, samrunareglur, arðsemiskröfur og samkeppnissjónarmið.

SVP hafa látið þetta mál sig miklu varða og leggur höfuðáherslu á að eðlileg samkeppni á sviði verslunar og þjónustu sé tryggð. Bankastofnanir hafa hér miklu hlutverki að gegna enda eru þær nú eigendur margra af stærstu fyrirtækjum landsins.

SVP hefur ennfremur bent á mikilvægi þess að bankastofnanir gæti þess að nú þegar rekstrarumhverfi fyrirtækja er einstaklega krefjandi að fyrirtækjum sé veitt eins vönduð þjónusta og kostur er. Fyrirtæki séu til að mynda vel upplýst um vel hvaða lagalegu afleiðingar hinar ýmsu skilmálabreytingar hafi í för með sér. Á það bæði við um ferli skuldbreytinga sem og þegar bankastofnanir bjóða viðskiptavinum sínum nýja þjónustu.

## Flutningasvið SVP

Flutningagreinin er þjónustugrein fyrir atvinnulífið í landinu og flutningasvið SVP sameinar undir einum hatti þjónustufyrirtæki í flutningastarfsemi á landi, lofti og á sjó - landflutninga, kaupskipaútgærd og flugfrakt. Samgöngukerfið er stærsta hagsmunamál þessara aðildarfyrirtækja.

Fjárfestingar í innviðum og það hvernig farið er með fjárveitingar í þessum málaflokki skiptir greinina öllu máli. Því hefur flutningasvið SVP haft samgöngubætur og samgöngukerfið í forgrunni í starfi sínu frá upphafi. Á árinu 2009 hefur verið unnið markvisst að því að efla verulega samstarf við háskólasamfélagið. Í samstarfi við sérfræðinga málaflokksins hefur verið þrýst á stjórnvöld að efla faglegt verklag í málaflokknum.

### Samgönguhópur Samtaka atvinnulífsins

Flutningasvið SVP hafði miklar væntingar til starfs samgönguhóps Samtaka atvinnulífsins sem ýtt var úr vör í upphafi ársins. Minni árangur varð af starfi hópsins en væntingar stóðu til. Fyrir liggur að staða ríkisfjármála og áherslur stjórnvalda á árinu hafa ýtt samgöngumálum til hliðar og erfitt hefur reynst að koma þessum málaflokki að í umræðunni.

### Fundur um hvar ákvörðunarvaldið liggur

16. júní 2009 var haldinn fundur undir yfirskriftinni „Er til rétt aðferð til að forgangsraða vegaframkvæmdum?“ Tilgangur fundarins var að kalla fram upplýsingar um hvar ákvörðunarvaldið liggur um samgönguframkvæmdir og í framhaldi af því kalla fram hugmyndir um hvernig því væri best fyrirkomið.

Pátttakendur voru flestir sérfræðingar háskólasamfélagsins af víðu sviði samgangna. Greina mátti samhljóm þeirra allra að það væri brýnt mál að endurskoða verklag stjórnvalda við ákvarðanatöku um samgönguframkvæmdir. Kostnaðar- og ábatagreining voru allir sammála um að yrði hluti af nýju verklagi en þó gæti það aldrei ráðið ákvörðunum eingöngu.

### Faglegt verklag forgangsmál

Flutningasvið hefur í framhaldi af þessum fundi unnið markvisst að því kalla fram vilja stjórnvalda til breytinga. Fjárfestingar í innviðum samfélagsins eru kjarni samkeppnishæfni atvinnulífs til framtíðar á sama tíma og þessar fjárfestingar eru mjög dýrar. Fyrirhugaðar fjárfestingar lífeyrissjóðanna kalla enn frekar á faglegt verklag.

### Þróunarvettvangur samgöngumála

Vísir að svokölluðum „Þróunarvettvangi samgöngumála“ varð til á árinu 2008. Forstöðumaður flutningasviðs SVP lagði á það sérstaka áherslu á árinu 2009 að efla samstarf þessa hóps. Hópurinn náði þeim árangri á árinu að fá fund með formanni samgönguráðs ásamt verkefnisstjórn sóknar-áætlunar. Í framhaldi af því var hópurinn boðaður á fund samgönguráðuneytisins um samgönguáætlun.

Samgönguáætlun sem unnið hefur verið að og sem vænta má að senn verði lögð fram á Alþingi er nánast eingöngu skipuð embættismönnum undirstofnana samgönguráðuneytisins. Þróunarvettvangurinn mun halda ótrauður áfram að berja á dyrnar þar til árangur næst. Markmiðið er að stjórnvöld nýti sér víða sérfræðipækkingu á samgöngumálum til að byggja á framtíðarstefnumótun í málaflokknum.

## Sóknaráætlun stjórnvalda 2020

Sóknaráætlun stjórnvalda 2020 hefur að markmiði að auka markvisst samkeppnishæfni Íslands til ársins 2020. Áætluninni er ætlað að samþætta fjölmargar áætlanir ríkisins og tryggja að framtíðarstefnumótun byggji á heildarsýn. Flutningasvið SVP vinnur að því að stjórnvöld átti sig á að markmið flutningagreinarinnar og stjórnvalda fara saman að þessu leyti.

### Fundur í Húnaveri 10. Október

Styttingar vegalengda innanlands eru augljóslega hluti af þessari baráttu en ákvörðunarvaldið um legu hringvegarins er í dag á höndum einstakra sveitarfélaga.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Leið ehf. höfðu forgöngu um fund á mögulegar styttingar á svæðinu í Húnaveri 10. október. Flutningasvið SVP var þátttakandi í þeim fundi og hélt erindi um mikilvægi þess að ákvarðanir eins og þær að ræða möguleika á styttingu hringvegarins um 20 kílómetra yrðu að koma upp á yfirborðið. Yfirskrift erindisins var „Markmið samgönguáætlunar í framkvæmd!“ en það er kjarni þeirrar baráttu sem flutningasviðið hefur staðið fyrir á árinu 2009 og áætla að halda markvisst áfram á árinu 2010.

### Nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga

Nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga var að störfum frá byrjun árs 2008 til vors 2009. Gagnrýni fulltrúa SVP á umferðarlögin frá upphafi vinnu nefndarinnar sneri fyrst og fremst að opnum ráðherraheimildum sem í framkvæmd hafa reynst landflutningagreininni þungbær. Má þar nefna ákvarðanir stjórnvalda um hvernig skuli innleiða íþyngjandi ákvæði eins og aksturs- og hvíldartímareglur, ákvæði um endurmenntun atvinnubílstjóra, eftirlit á vegum og fleira úr tilskipunum og reglugerðum ESB inn í íslenskan rétt.

Fulltrúi flutningasviðs SVP í nefndinni hafði að markmiði að við heildarendurskoðun umferðarlaga væri tryggt að þau viðvarandi ágreiningsefni sem atvinnugreinin hefur þurft að þola af hálfu stjórnvalda síðustu ár á grundvelli umferðarlaga kæmu að lágmarki til umræðu á meðal löggjafans. Því yrði best náð fram því að lögfesta meginreglur. Í upphafi vinnu nefndarinnar var samþykkt að eftir þessu yrði unnið.

Lokadrög frumvarpsins sem lögð voru fram um miðjan apríl 2009 innihéldu tillögur sem voru í andstöðu við málflutning fulltrúa SVP í nefndinni allan tímann og því fór það svo að fulltrúi SVP skrifaði ekki undir frumvarpið.

### Akstur og hvíld

Á aðalfundi SVP 2009 var kynnt sú ánægjulega niðurstaða Fastanefndar EFTA að undanþágubeiðnir íslenskra stjórnvalda frá ítrustu kröfum reglugerðar ESB um aksturs- og hvíldartíma hefðu verið samþykktar.

Í haust tilkynnti samgönguráðuneytið hagsmunaaðilum í Húsi atvinnulífsins að ráðuneytið hefði upp á sitt eindæmi ákveðið að draga undanþágubeiðinina til baka og að unnið væri að nýrri undanþágubeiðni sem lögð yrði öðru sinni fyrir Eftirlitsstofnun EFTA. Tilkynning þessa efnis kom öllum hagsmunasamtökum í Húsi atvinnulífsins í opna skjöldu og varð tilefni bréfs þar sem framkvæmdastjórnar allra viðkomandi samtaka Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka iðnaðarins, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka atvinnulífsins sameinuðust í mótmælum gegn þessari óvæntu tilhögun og kröfðust skýringa. Enn þann dag í dag eru hagsmunasamtök atvinnulífsins óupplýst um hvernig endanleg undanþágubeiðni íslenskra stjórnvalda frá aksturs- og hvíldartímareglum lítur út.

### **Landflutninga- og Siglingaráð**

Starfsemi Siglingaráðs lá að mestu niðri á árinu 2009 en Landflutningaráð kom saman nokkrum sinnum. Seti fulltrúa flutningasviðs í þessum fastskipuðu ráðum samgönguráðuneytisins hefur leitt í ljós það sama og seti í nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga. Samráð í orði kveðnu er ekki endilega samráð í raun. Það er mat forstöðumanns flutningasviðs að brýna þörf beri til að endurskoða þetta fyrirkomulag. Faglegt samráð þar sem stjórnvöld leitast við hlusta á sérþekkingu atvinnulífsins um sitt starfsumhverfi er mjög brýnt og þarft.

### **Flutningafræði lítur dagsins ljós**

Á vormánuðum 2009 hófst samstarf Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík og flutningasviðs SVP um að koma á námsbraut í flutningafræðum innan skólans. Sú vinna fór fram úr björtustu vonum og leiddi til þess að boðið var upp á nýja námsbraut í flutningafræðum í Opna háskólanum á vorönn 2010.

### **Ímyndaráttak flutningasviðsins breiðist út**

Forstöðumaður flutningasviðs SVP kynnti ímyndaráttak greinarinnar fyrir evrópskum systursamtökum í Brussel í september 2007. Þær ánægjulegu fréttir bárust á árinu að hagsmunasamtök flutningagreinarinnar í Danmörku hafa ákveðið að feta í fótspor Íslendinga og hafa þegar ýtt hliðstæðu átaki úr vör. Bretar íhuga að gera slíkt hið sama og leituðu samþykkis flutningasviðsins fyrir því að nota íslenska átakið sem fyrirmynd.

## Umsagnir

Eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir bárust samtökunum til umsagnar á starfsárinu:

### Frumvörp

Frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka  
Frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins  
Frumvarp til laga um br. á lögum um bókhald (hlutverk endurskoðenda og skoðunarmanna ofl.)  
Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins  
Frumvarp til laga um br. laga vegna frumvarps um þjónustuviðskipti á innri markaði EES  
Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum  
Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum - br. á 42. gr. laganna  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga ofl.  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög - tilskipun EB 2007/36  
Frumvarp til laga um br. á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa)  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála  
Frumvarp til laga um endurskoðendur (starfsábyrgðartrygging)  
Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (lengri frestur til að höfða riftunarmál)  
Frumvarp til laga um fjölmiðla  
Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu  
Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi  
Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (EES-reglur, heildarlög)  
Frumvarp til laga um matvælaölggjöf, EES-reglur  
Frumvarp til laga um nauðundagsölu  
Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (vsk ofl.)  
Frumvarp til laga um sammingsveð  
Frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki  
Frumvarp til laga um tekjuskatt ofl. (eitt skattumdæmi)  
Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins  
Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt  
Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (heildarlög, EES-reglur)  
Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestassjóði  
Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti  
Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði EES (EES-reglur, heildarlög)  
Frumvarp til laga-tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti  
Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti ofl.  
Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996.  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998  
Frumvarp til breytinga á reglugerð 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi.  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999  
Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta  
Umsögn til samgönguráðuneytisins um drög að frumvarpi um rannsóknir samgönguslysa  
Umsögn til samgönguráðuneytisins um drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga ásamt SA, SAF, SI og SVP

### Þingsályktunartillögur

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs  
Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi  
Tillaga til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja  
Tillaga til þingsályktunar um hlutafélög með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi  
Tillaga til þingsályktunar um nauðsynlegar bráðaáðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála  
Tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum  
Tillaga til þingsályktunar um skilaskyldu á ferskum mavörum  
Tillaga til þingsályktunar um stöðu minni hluthafa  
Tillögur til þingsályktunar vegna umsóknar um aðild að ESB  
Tillaga til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands  
Tillaga til þingsályktunar um skipan frídaga að vori  
Tillaga til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010

### Reglugerðir og fleira

Um breytingu á reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga  
Um breytingu á reglugerð nr. 213/2005 um lyfjagreiðslunefnd  
Um ræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja – Samkeppniseftirlitið